



TRÉ LÍFSINS

Bæjarráð Garðabæjar
Bt/ Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7

Garðabær

22.apríl 2021

Tré lífsins, bálstofa og Minningagarðar ses. (640620-0800) óskar eftir lóð fyrir byggingu bálstofu og höfuðstöðva Tré lífsins í Rjúpnadal í Garðabæ og lóð fyrir fyrsta Minningagarð landsins þar sem aska látinna verður gróðursett ásamt tré.

Gert hefur verið ráð fyrir lóðum fyrir Minningagarð og bálstofu í aðalskipulagi Garðabæjar, rammahluta vegna Vífilssæðalands og í deiliskipulagi fyrir Rjúpnadal, sem hlotið hafa meðferð skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og verið samþykkt í skipulagsnefnd Garðabæjar þann 12.11.2020, hjá bæjarráði Garðabæjar þann 17.11.2020, hjá bæjarstjórn Garðabæjar þann 19.11.2020 og verið staðfest af Skipulagsstofnun og öðlast gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda dagana 31.3.2021 og 14.04.2021.

Um verkefnið

Tré lífsins- bálstofa og Minningagarðar ses. er frumkvöðlaverkefni sem hefur verið í þróun undanfarin fimm ár og stofnandi þess er Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir. Markmið Tré lífsins er að bjóða fólki upp á nýjan og umhverfisvænan valmöguleika við lífslok á stað þar sem áhersla er lögð á valfrelsi, virðingu og umhverfisvernd. Nánar má lesa um markmið og tilgang félagsins í samþykktum þess og manifesto sem er að finna í fylgiskjölum.

Félagið er sjálfseignastofnun í atvinnurekstri sem þýðir að enginn eigandi er að félaginu. Hagnaður sem verður af starfsemi Tré lífsins skal renna aftur inn í stofnunina til reksturs og nýsköpunar og heimilt verður að greiða styrki til sorgar- og sjúklingasamtaka, náttúruverndarsamtaka eða skógræktarfélaga og lækka verð á þjónustunni.

Stjórn Tré lífsins mun stýra stofnuninni en sem stendur situr bráðabirgðastjórn sem fagstjórn tekur við af á næstu vikum. Þau sem samþykkt hafa að taka sæti í fagstjórn eru:

- ❖ Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, stofnandi Tré lífsins og Lífsbókarinnar
- ❖ Gunnar Hersveinn, rithöfundur og heimspekingur
- ❖ Elín Sigrún Jónsdóttir, lögfræðingur og framkvæmdastjóri
- ❖ Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst
- ❖ Silja Úlfarsdóttir, formaður stuðningssamtakanna Ljónshjarta og viðskiptafræðingur

Auk þeirra sem nú hafa samþykkt að taka sæti í stjórn bætast við tveir aðalmenn og tveir varamenn. Stjórn Tré lífsins mun því vera skipuð níu manns og lögð er áhersla á fjölbreytta samsetningu þar sem hvert og eitt kemur með þekkingu og reynslu í farteskinu sem nýtist við stjórn stofnunarinnar.

Tré lífsins mun sinna mikilvægu samfélagsþjónustu hlutverki sem eina bálstofa landsins og taka við af bálstofunni í Fossvogi sem rekin er af kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæmis. Bálstofan í Fossvogi hefur verið starfrækt síðan árið 1948 og er orðin gömul að tækjabúnaði, mun ekki uppfylla mengunarvarnir og ekki stendur til að ráðast í endurbætur eða endurbyggingu á henni. Bálstofa Tré lífsins er óháð öllum trúar- og lífsskoðunarfélögum, en opin öllum, og mun bjóða upp á bálfarir í ofni frá virtu þýsku fyrirtæki sem uppfyllir alla umhverfisstaðla og er með öflugan mengunarvarnarbúnað og hreinsikerfi.

Skv. deiliskipulagi er heimilt að byggja allt að 1.500 m² byggingu á 3.750m² lóð fyrir bálstofu, að hluta til á tveimur hæðum með 7 metra hámarkshæð. Í húsnæði Tré lífsins verður auk bálstofunnar:

- ❖ Móttöku- og fundarrými fyrir nánustu aðstandendur til að skipuleggja hinstu kveðjustund ástvinar
- ❖ Athafnarými fyrir hinstu kveðjustundir þar sem fólk getur fengið fulltrúa síns trúar- eða lífsskoðunarfélags til að halda athöfn fyrir bálför
- ❖ Björt og falleg fjölnota salakynni með framreiðslueldhúsi til leigu fyrir athafnir, svo sem skírnir, hjónavígslur, fermingar og erfidrykkjur
- ❖ Kyrrðar og hugleiðslurými verður á annarri hæð hússins þar sem glerveggir munu bjóða 360° útsýni yfir sjóndeildarhringinn og höfuðborgarsvæðið með fjallasýn, hafi og skógi

Húsnæði Tré lífsins á að vera í senn hátíðlegt og virðingarvert, fallegt kennileiti sem umvefur fólk á sorgar- og hamingjustundum lífsins.

Arkitektastofan T.ark hefur unnið grunnvinnu og þarfagreiningu fyrir bálstofuna, en haldin verður samkeppni meðal arkitektastofa um hönnun og útlit bálstofunnar þar sem áhersla verður lögð á umhverfisvænar lausnir, fallega ásýnd og hlýleika.

Stofnkostnaðaráætlun fyrir verkefnið hefur verið unnin og sérfræðingar frá KPMG fóru yfir hana, vottuðu og settu upp rekstraráætlun til næstu 15 ára út frá þremur ólíkum sviðsmyndum.

Þetta er stórt, dýrt og umfangsmikið verkefni sem Tré lífsins ætlar að ráðast í, en sökum sterkrar áherslu á samfélagslega og umhverfislega þætti hefur fengist vilyrði fyrir láni fyrir 80% af stofnkostnaði frá tveimur lífeyrissjóðum.

Þau 20% sem upp á vantar verða sóttar sem stofnstyrkur til ríkis og sveitarfélaga, en auk þess mun Tré lífsins ráðast í stærstu hóp fjármögnun Íslandssögunnar og bjóða almenningi að taka þátt í því að fjármagna þetta einstaka verkefni og eignast þannig hlutdeild í því að gera það að veruleika. Öll þau sem munu styrkja verkefnið fá nafn sitt á listaverk sem sett verður upp í anddyri húsnæðisins.

Minningagarðurinn verður grafreitir tengdur bálstofu Tré lífsins og samkvæmt 29.gr laga 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, segir að allar grafir skuli friðaðar í 75 ár. Að lokinni bálför mun fólk geta valið um það að jarðsetja öskuna í kirkjugarði, dreifa henni á hafi eða óbyggðum eða gróðursetja hana ásamt tré í minningagarði Tré lífsins.

Minningagarðurinn verður sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi, en þó nokkur sveitarfélög hafa lýst yfir áhuga á að fá minningagarða í sitt sveitarfélag þar sem það er fallett, merkingarþrungið og skynsamlegt m.t.t. landnýtingar og loftslagsbreytinga. Okkur dreymir um að minningagarðarnir verði að fallegum útivistarsvæðum þar sem bæjarbúar og aðrir geti átt ljúfar stundir úti í náttúrunni, umkringdir persónulegum trjám sem merkt verða þeim sem undir hvílir.

Tré lífsins er í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands sem mun aðstoða við skipulag garðsins, skjólmyndun og undirbúning jarðvegs fyrir gróðursetningu. Landslagsarkitekt hefur hafið undirbúningsvinnu við hönnun á útliti garðsins í samráði við sérfræðinga í gróðurfari, skógrækt ofl.

Næsta skref á vegferð Tré lífsins er að óska eftir lóðum frá Garðabæ fyrir starfsemina og undirrita samninga vegna lóðanna. Að því loknu verður óskað eftir staðfestingu sýslumanns á byggingu bálstofu í aðalatriðum í samræmi við 2.mgr. 9.gr reglugerðar 668/2007 með br. í reglugerð 621/2020, en sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu bíður eftir undirrituðum samningi vegna lóðar áður en hægt er að óska eftir þessu samþykki.

Þegar samþykki sýslumanns liggur fyrir verða samningar vegna láns frá lífeyrissjóðunum undirritaðir og þau 20% sem upp á vantar tryggð.

Þegar allt þetta hefur gengið eftir verður fyrsta skóflustunga tekin og bygging höfuðstöðva Tré lífsins hefst.

Það er okkur mikilvægt að eiga í góðu samstarfi og samskiptum við bæjaryfirvöld allt frá upphafi vegna þess hve stórt verkefni Tré lífsins er. Framtíðarsýn okkar er metnaðarfull og þau gildi sem við störfum eftir koma frá hjartanu. Það yrði okkur heiður að fá að vinna þetta mikilvæga verkefni með Garðabæ og skrifa nöfn okkar saman í sögubækurnar.

Við óskum eftir því að ganga til samninga við bæjaryfirvöld í Garðabæ um lóðir fyrir starfsemi Tré lífsins í Rjúpnadal í Garðabæ. Óski bæjarráð eftir ítarlegri kynningu á verkefninu er okkur bæði ljúft og skylt að veita hana.

Fh. Tré lífsins- bálstofu og Minningagarða ses.

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir
Stofnandi og stjórnarformaður

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026